



3, 2.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
RITSTJÓRI.

Jan. 1908.

## NÝARS-GJAFIR.

Eg var seinast að tala við ykkur, kærur börn! um jóla-gjöf —jóla-gjöfina miklu, sem Guð gaf okkur, þegar hann sendi okkur son sinn Jesúm Krist. Og á jölunum hafið þið öll verið mint á hana. Guðs orðið, sem þig heyrðuð þá, það gerði það. Líka allur jólasöngurinn, sem þið sunguð. Þá jóla-tréð sjálft, ljómandi af ljósum og prýtt. Og þá áreiðanlega allar jóla-gjafirnar, sem þið fenguð. Enda var ætlast til þess, að þær sérstaklega mintu ykkur á jóla-gjöf Guðs til okkar.

Og vænt þótti ykkur um jóla-gjafirnar ykkar. Það leyndi sér ekki. Því glöð urðuð þið, þegar ykkur voru fengnir böglarnir. Og hjartað hoppaði þá í ykkur af fögnuði, þegar þið voruð að opna böglana, og gjafirnar flugu hoppandi úr þeim beint í fangið á ykkur.

Ef þá var ekki fögur sjón og gaman að horfa framan í ykkur, þá veit eg ekki, hvað fagurt er og gaman! Það var eins og þið yrðuð að lifandi, ljómandi jóla-trjám, og andlitin á ykkur yrðu að dýrðlegum jóla-lofsöng.

Nú, öll sú fegurð og allur sá fögnuður og alt það ljós er að þakka jóla-gjöfinni miklu, sem Guð gaf.

Nú vildi eg fá að tala við ykkur út af jóla-gjöfinni fáein